

**Erindisbréf fyrir skipulagsmálanefnd**  
**Sambands íslenskra sveitarfélaga 2010–2014**

29. október 2010

0910016SA GB/gk  
Málalykill: 180

**Skipan skipulagsmálanefndar**

Í nefndinni eiga sæti:

- Elín R. Líndal, stjórnarmaður í sambandinu og sveitarstjórnarmaður Húnaþingi vestra;
- Elva Dögg Þórðardóttir, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Árborg og formaður SASS;
- Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu;
- Páll Hjaltason, formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, og
- Pétur Bolli Jóhannesson, skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar.

**Hlutverk skipulagsmálanefndar**

Að vera ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins í skipulagsmálum, svo sem varðandi fyrirhugaðar breytingar á lögum og reglum um skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum. Einnig fylgist nefndin með þróun umhverfislöggjafar sem tengist skipulagsgerð sveitarfélaga, meðal annars um flóðavarnir og stjórn vatnamála.

**Helstu verkefni**

- a. Gera tillögur um áherslur af hálfu sveitarfélaga í skipulagsmálum.
- b. Gefa álit um lagafrumvörp og reglugerðir á sviði skipulagsmála að beiðni stjórnar og starfsmanna sambandsins.
- c. Vekja athygli á málum sem nefndin telur að þarfnist úrlausnar á vettvangi sambandsins, sem og á þróun og breytingum í skipulagsmálum, innanlands og erlendis, sem nefndin telur þörf á að sambandið vinni að eða miðli upplýsingum um.
- d. Vera til ráðgjafar við undirbúning viðburða sambandsins á sviði skipulagsmála.

**Fundir**

Fundir nefndarinnar eru haldnir eftir þörfum.

### **Boðun funda og fundargerðir**

Sviðsstjóri lögfræðisviðs sambandsins boðar fundi með skriflegri dagskrá með hæfilegum fyrirvara, stjórnar fundum nefndarinnar og gengur frá fundargerðum í samráði við fundarmenn. Fundargerðir eru lagðar fyrir stjórn sambandsins til kynningar eða eftir atvikum til staðfestingar.

### **Kostnaður af störfum nefndarinnar**

Greidd er þóknun fyrir setu í nefndinni, þ.e. tiltekin fjárhæð fyrir hvern setinn fund, svo og ferðakostnaður þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins, sbr. reglur sambandsins um greiðslur fyrir setu í fastanefndum.

Erindisbréf þetta er samþykkt af stjórn  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
29. október 2010.

---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri